

## Viðbragðsáætlun vegna ófærðar og/eða óveðurs

Leikskólastjóri tekur ákvörðun um það hvort leikskóli opnar vegna ófærðar og/eða óveðurs, samkvæmt skilgreiningum almannavarna, í samráði við sveitarstjóra. Skólastjóri getur jafnframt flýtt eða seinkað opnun leikskólans vegna ófærðar og/eða óveðurs í samráði við sveitarstjóra. Skólastjóri getur aflýst skólahaldi og lokað skólanum ef ófærð eða óveður kallar á það.

Leikskóli  
Lokar

Ákvörðun um hvort leikskóli loki er tilkynnt að morgni hvers dags eða eins fljótt og auðið er. Tilkynning er sett inn á heimasíðu leikskólans ([www.krakkaborg.is](http://www.krakkaborg.is)), Facebook, Karellen smáforriti og tölvupóstur sendur til foreldra. Starfsfólk metur hvort og hvenær það kemst til vinnu.

Komutíma  
seinkað /  
Brottför  
flýtt

Ef seinka þarf opnun leikskólans eða flýta þarf heimferð vegna óveðurs eða slæmrar veðurspár (**appelsínugul viðvörðun** hjá Veðurstofu Íslands) er tilkynning sett inn á heimasíðu skólans ([www.krakkaborg.is](http://www.krakkaborg.is)), Facebook, Karellen smáforriti og tölvupóstur sendur eins fljótt og auðið er.

## Ábyrgð foreldra / forráðamanna

Mikilvægt er að foreldrar / forráðamenn fylgist með veðurspá og tilkynningum frá leikskóla. Hafa verður í huga að veður getur þróast með ófyrirséðum hætti og aðstæður verið mismunandi eftir svæðum í hreppnum.

Mikilvægt er að foreldrar sendi börn sín aldrei í leikskólann ef þeir telja aðstæður hugsanlega ógna öryggi barnanna. Við slíkar aðstæður tilkynna foreldrar fjarveru barna sinna til skólans í síma 480-0151 með tölvupósti á netfangið [krakkaborg@krakkaborg.is](mailto:krakkaborg@krakkaborg.is) eða með skilaboðum í gegnum Karellen.